

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 104. stjórnarfundur haldinn 7. desember 2016 Hótel Natura Reykjavík	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 7. desember 2016	Tími 10:30 – 13:30	Staður Reykjavík	Nr. Fundar 104
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 07.12.16	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Guðrún Jónasdóttir, Snorri Ingimarsson, Sigmundur Einarsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Vilhjálmur Vilhjálmsson, Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri. Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir og Ruth Magnúsdóttir sátu fundinn í fjarfundi. Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson			

Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
 2. Fundargerðir svæðisráða
 3. Stjórnunar- og verndaráætlun
 4. Staða þjóðgarðsvarðar á vestursvæði
 5. Staða aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar á vestursvæði
 6. Þjóðlendur í þjóðgarði
 7. Vonarskarð
- leið fyrir vélknúin ökutæki
 8. Íshellar og áhættumat á suðursvæði
 8. Önnur mál
 - a. Þverá
 - b. Fundur stjórnar og starfsmanna 2017
 - c. Víðerni, samgöngur og ferðaleiðir innan þjóðgarðs
-
1. Formaður setti fund og fór yfir dagskrá fundarins og gerði tillögu að því að bæta við lið 8 á fundinum: Íshellar og áhættumat á suðursvæði. Breytingin er samþykkt.
 2. Fundargerðir svæðisráða:
 - a. Formaður á austursvæði tók upp atriði frá 80. fundi varðandi stjórnunar- og verndaráætlun.

- b. Formaður á vestursvæði tók út úr fundargerð svæðisráðs frá 24. nóvember 2016, um Vonarskarð og afgreiðslu erinda frá SAMÚT og Landssamtökum hjólreiðamanna, ásamt viðbrögðum við opnu bréfi ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar Ferðaklúbbsins 4x4. Svæðisráðið frestaði til næsta fundar afgreiðslu á þessum erindum. Jafnframt ræddi formaður á vestursvæði um reynslu af samstarfi um landvörslu á svæðinu í sumar og mikilvægi þess að framhald verði á slíku samstarfi og útbúinn um það einhver rammi og samningur milli aðila sem að því koma.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun

Til fundarins mætti Kristján Sveinsson, sagnfræðingur.

Formaður gerði grein fyrir stöðu vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Tvennt verður í forgrunni í vinnunni í framhaldinu. Annars vegar er það að auka við jarðfræðikafla SVÁ og hins vegar að uppfæra áætlunina í samræmi við ný lög um þjóðgarðinn. Stjórn leggur áherslu að nú í upphafi verði settur upp tímarammi og skýrar boðleiðir til að tryggja að svæðisráð hafi tíma og tækifæri til að koma að vinnunni. Stjórn samþykkir að ráða Kristján Sveinsson, sagnfræðing, sem ritstjóra stjórnunar og verndaráætlunar.

4. Staða þjóðgarðsvarðar á vestursvæðis.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi ráðningu þjóðgarðsvarðar á vestursvæði þjóðgarðsins. Umsóknarfrestur er liðinn og bárust 18 umsóknir um stöðuna. Ráðningarskrifstofa mun sjá um fyrstu úrvinnslu umsókna.

5. Staða aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar á vestursvæði.

Stjórn ákveður að staða aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar á vestursvæði verði auglýst í kjölfar ráðningar þjóðgarðsvarðar á vestursvæði.

6. Þjóðlendur í þjóðgarði.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málefnum þjóðlenda innan þjóðgarðs. Framkvæmdastjóra falið að leita álits lögfræðideildar umhverfisráðuneytis um skýrar verklagsreglur varðandi þetta atriði. Jafnframt verði tekið til þess hvort að þjóðgarður geti jafnframt talist þjóðlenda.

7. Vonarskarð – leið fyrir vélknúin ökutæki.

Erindi frá ferðafrelsisnefnd Eyjafjarðardeildar Ferðaklúbbsins 4x4, opið bréf varðandi ökuleið um Vonarskarð dags. 31. október 2016. Stjórn vísar erindinu til svæðisráðs á vestursvæði.

Óli Halldórsson yfirgaf fundinn kl. 13:00

8. Íshellar og áhættumat á suðursvæði.

Lagt er fram bráðabirgðamat á áhættu vegna íshellaferða, unnið af Magnúsi Tuma Guðmundssyni og Finni Pálssyni frá Jarðvísindastofnun Íslands dags. 5. desember 2016. Stjórn samþykkir að fara í framkvæmd á áhættumati vegna íshella á suðursvæði á grunni framlagðrar áætlunar. Stjórn vísar framkvæmd til framkvæmdastjóra og svæðisráðs á suðursvæði.

9. Önnur mál:

- a. Þverá – Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir stöðu málsins.
- b. Fundur stjórnar og starfsmanna 2017. Stefnt er að sameiginlegum fundi stjórnar og starfsmanna 24.-25.janúar 2017 á vestursvæði. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundinn í samstarfi við formann svæðisráðs á vestursvæði.
- c. Víðerni, samgöngur og ferðaleiðir innan þjóðgarðs. Fulltrúi Samút lagði út frá hugleiðingu um samgöngur og ferðaleiðir innan þjóðgarðs og áhrifa hugtaksins víðernis. Hann kallaði eftir stefnu þjóðgarðsins varðandi ferðaleiðir og samgöngur. Umræður. Stjórn vísar frekari umræðum til sameiginlegs fundar stjórnar og starfsmanna 2017.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar



- d. Næsti fundur stjórnar verður í tengslum við vinnufund stjórnar og starfsmanna á vestursvæði, jafnvel síðdegis 23. janúar.

Fundi slitið kl. 13:35

Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			